


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ	ENS 403 Kennsluáætlun vorönn 2010	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennarar	Anke María Steinke, Guðjón Ólafsson	Sk.st.	AMS GÓL
-----------------	--	---------------	--------------------------

Áfangalýsing:

Áhersla lögð á aukna fjölbreytni í lestrarefni, t.d. bókmenntaverk, tímarit og dagblöð. Áhersla á aukna færni í bókmenntafræðilegri greiningu. Sérstök áhersla á skipulega framsetningu hugmynda í rituðu og töluðu máli. Kynning á menningu enskumælandi landa. Aukin áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, m.a. við öflun upplýsinga á bókasöfnum, Netinu og í margmiðlunarefni. Undanfari: ENS 303

Markmið:

1. Nemandi auki almennan orðaforða sinn og þekkingu á orðaforða og hugtökum bókmenntafræði
2. Nemandi geti lesið og skilið fjölbreytilegt lesefni
3. Nemandi auki færni sína við túlkun bókmenntaverka
4. Nemandi geti tjáð sig á skipulegan, rökrænan og samfelldan hátt í rituðu og töluðu máli
5. Nemandi geti hlustað á og skilið raunefni, t.d. fréttapætti og ýmiss konar fræðsluefni
6. Nemandi öðlist dýpri skilning á uppbyggingu málsins
7. Nemandi kynnist menningu enskumælandi landa

Námsgögn:


Hamlet eftir William Shakespeare

Slaughterhouse Five eftir Kurt Vonnegut

Reading Material: hefti sett saman af kennurum áfangans

Áætlun um yfirferð:

Lesnir leskaflar eða sögur í heftinu, verkefni unnin og málfræði skoðuð. Leikritið *Hamlet* lesið og kvikmynduð útgáfa skoðuð, hugsanlega eftir hvern þátt. Skáldsagan *Slaughterhouse Five* lesin og gerð verkefni úr henni. Unnin verkefni um Shakespeare og Vonnegut. Nemendur leysa tímaverkefni um leikritið og skáldsöguna. Stílar og vefverkefni unnin heima og í tímum og á Blackboard.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ	ENS 403 Kennsluáætlun vorönn 2010	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Annarpróf		50%
<i>Hamlet</i>	Skrifleg verkefni og/eða ritgerðir unnin heima eða í tímum	20%
<i>Slaughterhouse Five</i>	Skrifleg verkefni og/eða ritgerðir unnin heima eða í tímum	10%
Munnlegt próf	Tekið í lok annar	10%
Annað	Ýmis verkefni unnin heima og í tímum	10%
		100%

Til að ljúka áfanganum þarf nemandi að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilaskylda á verkefnum er 100%. Skilafrestur rennur út á slaginu 16:10 á skiladag, nema annað sé tekið fram. Framlengingar verða ekki gefnar. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, geti hann sýnt fram á réttmæt forföll. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í annareinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn ná einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á prófi.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils